

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Þétting byggðar á landbúnaðarlandi á bæjartorfum

Greinargerð

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerir hér með breytingu á almennum skilmálum á landbúnaðarlandi til þess að árétta og skýra betur þær heimildir sem þegar eru til staðar í gildandi aðalskipulagi.

Markmið breytingar er m.a. að koma til móts við þarfir ferðaþjónustu með aðstöðu fyrir starfsfólk, sérstaklega í Skaftafelli og Öræfum sem skilgreind eru meðal segla í ferðaþjónustu. Uppbygging þjónustu og ásókn á svæðið hefur í för með sér fjölgun starfa og brýna þörf fyrir utanaðkomandi mannafla. Leiðir það m.a. af sér að fyrirhuguð er þétting byggðar á bæjartorfunni Hnappavöllum.

Uppbygging húsnæðis á bæjartorfum er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um eflingu dreifbýlis. Stefnt er að aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitum og hún samþætt landbúnaði á lögbylum eftir því sem kostur er. Uppbygging íbúðarhúsnæðis á bæjartorfunni skal samræmast byggingarmynstri og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur. Leitast verður við að samnýta vegir og veitukerfi eftir því sem kostur er.


Breyting á aðalskipulagi

Í kafla 30 í greinargerð er bætt við eftirfarandi texta:

Heimilt er að byggja upp íbúðarhúsnæði, á landbúnaðarlandi, á þeim „bæjarhlöðum“ sem vísað er til í kafla 7.1 Ferðaþjónusta, í samræmi við stefnu sem sett er fram í kafla 7.1.1 um uppbyggingu. Uppbygging íbúðarhúsnæðisins er tengd uppbyggingu ferðaþjónustu og skal ávallt deiliskipulögð.

Umhverfisáhrif

Breytingin hefur að jafnaði óveruleg umhverfisáhrif en gera skal grein fyrir helstu umhverfisáhrifum í deiliskipulagi. Þétting byggðar á núverandi bæjartorfum leiðir af sér betri nýtingu innviða og aukna möguleika ferðaþjónustu og annarrar atvinnustarfsemi til að bjóða starfsfólki betri aðstæður.



Hluti gildandi aðalskipulags

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd þann 11. september og í bæjarstjórn þann 14. september 2023.


f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

ELIN RITA SVEINBJÖRNSDÓTTIR



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann

19/12/2023



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Aðalskipulagsbreyting

Þétting byggðar á landbúnaðarlandi á bæjartorfum

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
103530	A4	AB	ÁJ
MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
	30.08.2023		

SAMÞYKKT: